



Fundur í skólaráði

miðvikudaginn 27. febrúar 2019

Mættir voru: Berglind skólastjóri, Ragnar Ingi og Steinunn María sem fulltrúar kennara, Halldóra Margrét, Heiðrún Edda og Ingimar sem fulltrúar nemenda. Magnús Ingi og Unnur Steinsson sem fulltrúi foreldra. Steinunn María ritaði fundargerð.

1. Berglind leggur fram drög að skóladagatali. Nokkrar umræður spunnust um ákveðna daga, helst þykir vetrarfrí vera seint á ferð. Æskilegra væri að vetrarfrí yrði tekið í október frekar en nóvember. Annars voru fundarmenn sáttir en ætla heim með drögin og gera ef til vill athugasemdir síðar.
2. Nýr vinnurammi kynntur
3. Berglind sýnir teikningar af skólalóðinni. Nokkrar umræður sköpuðust. Magnús sagðist hafa heyrt í Guðnýju arkitekt, mikilvægt væri að fá einhver leiktæki á lóðina fljótlega eftir jarðvegsskipti. Einnig telur Magnús að klára þurfi veginn fyrir aftan bókasafn sem fyrst, svo losna mætti við bílaumferð stórra bíla á skólalóðinni.
4. Engin önnur mál

Fleira ekki á dagskrá. Fundi slitið 17:00.